

Lífið

FÖSTUDAGUR
9. MAÍ 2014

Hafdís Heiðarsdóttir
& Vilborg Aldís

**OPNA GALDRA-
BÚDINA ARCA Í
MIDBÆNUM 2**

Katrín Lilja Ólafs-
dóttir & Lilja Hrönn

**HALDA ÚTI
FLOTTU TÍSKU-
BLOGGI 4**

Sigrún Ásta Jørgensen
stílisti

**UNG OG UPP-
RENNANDI Í
BRANSANUM 8**

Andrea Magnúsdóttir

ÁSTRÍÐUFULL ÞEGAR KEMUR AÐ TÍSKUBRANSANUM

FRÉTTABLAÐIÐ

› visir.is/lifid

HVER ER?



Nafn?
Íris Björk.

Aldur?
25 ára.

Starf?
Ljósmyndari.

Maki (kærasti)?
Hilmar Þór Bergmann.

Stjörnumerki?
Hrútur.

Hvað fékkstu þér í morgunmat?
Hafragraut með rúsinum og kanil.

Uppáhaldsstaður (hvar sem er)?
Inni í stúdíói eða á setti með skemmtilegu fólki.


Hreyfing?
Uppáhaldshreyfingin mín er dans, en upp á síðkastið hef ég verið mikið í jóga og hlaupið.

Uppáhaldsfatahönnuður?
Í augnablikinu eru það Marc Jacobs, Saint Laurent og Alexander Wang. Svo var líka margt mjög flott að gerast á RFF í ár.

Uppáhaldsbiómynd?
Ég verð að segja gamla grínmyndin Robin Hood Men in Tights. Við Hilmar horfðum svo oft á hana þegar við vorum 12 ára vinir að hún varð afsökun fyrir fyrsta stefnumótinu okkar fyrir rúmum fimm árum.

HVERJIR HVAR?

Síðastliðinn þriðjudag kenndi Bandaríkja- maðurinn Jordan Belfort Íslendingum sölu- tækni sína. Fámennt en góðmennt var á fyrirlestri Belforts, sem átti upphaflega að fara fram í stóra sal Háskólalábiós en var hins vegar fluttur í sal 1. Mörg þekkt and-



lit sáust nema tækni Belforts, eins og kærustuparið **Ásgeir Kolbeins** og Bryndís Hera Gísladóttir. Þá voru fyrrverandi fótboltakapparnir **Arnar Gunnlaugsson** og Þórður Guðjónsson einnig á meðal gesta.



FRJÓSEMISGALDURINN VIRKAÐI

Hafdís Heiðarsdóttir og Vilborg Aldís Ragnarsdóttir opna galdraverslunina Arca í miðbænum.

Árið 2008 var ég að reyna að verða ólétt að þriðja barninu mínu en gekk illa. Mig langaði að ná að eignast barn á því ári til að ná vinkonum mínum sem gengu með börn. Ég fékk því Vilborgu til að fremja frjósemisgaldur niðri í fjöru þar sem við báðum allar áttirnar og fórum með pulu á miðnætti við rísandi nýtt tungl. Ég varð ólétt í sama mánuði og eignaðist magnaða galdra- stelpu á jóladag sama ár," segir Hafdís Heiðarsdóttir sem nú opnar verslunina Arca í Veltu- sundi í miðbænum ásamt vin- konu sinni, Vilborgu Aldísi Ragnarsdóttur. Verslunin mun bjóða upp á íslenska hönnun í bland við ýmsa galdra og spár sem hægt er að kaupa hjá vinkonunum sem kalla sig góðar nornir. Báðar hafa verið viðloðandi galdra og kukl frá unga aldri sem hefur því fylgt þeim alla tíð síðan. Inni í versluninni hefur verið byggður nornahellir og stór stjarna um- lykjur gólfíð þar sem fram fara blessanir og galdrar á borð við ástargaldur, hamingjugaldur, peningagaldur og frjósemis- galdur.

„Við erum ekki miðlar heldur spákonur og trúum á það góða og hvítan galdur. Höfuð- reglan í göldrum er að hafa þá fyrir sig þangað til þeir hafa ræst en þá má gjarnan þakka fyrir sig í þá átt sem þú hefur ákallað," segir Hafdís. Í miðri viku bjóða bæði Hafdís og Vilborg Aldís upp á spádómslestur í tarot- og sígaunaspil í versluninni.



Vilborg Aldís Ragnarsdóttir og Hafdís Heiðarsdóttir.



Við erum ekki miðlar heldur spákonur og trúum á það góða og hvítan galdur.



FYRIR VEISLUNA

Ný sending af flottum sumarkjólum

20% afsláttur



FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Sjá fleiri myndir á

Sophie
Auster



Eva
Green



Á tísku-
pallinum.
Hönnun
eftir Carla
Zampatti.

SUMARTRENDIÐ

„Jumpsuits“, „onesies“ eða samfest- ingar eru heitir á ný fyrir sumarið ef marka má stjörnurnar. Ýmis snið eru í gangi, víðar skálmur, þröngar skálmur, hlýralausir, þröngir eða

víðir. Það virðist margt vera leyfilegt en heilir gallar skulu það vera. Lita- dýrðin er einnig margvísleg, pastel verður áfram vinsælt og svart og hvítt stendur upp úr.

Lífið
www.visir.is/lifid

ÚTGÁFUFLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Vilhelm Gunnarsson**.

Fylgstu með á Facebook Lindex Iceland

Petra, Slovakia
Lindex Sales Assistant
Wears the Romance,
2995,-

JOIN THE BRA-VOLUTION

Find your fit. Change your life.

LINDEX



Spennandi tísku-
þáttur á blogginu.



The Ostranenie.



BLOGG SKAPANDI OG TÖFF Í LONDON

Katrín Lilja Ólafsdóttir og Lilja Hrönn Helgadóttir halda úti blogginu theostranenie.com.



Katrín Lilja Ólafsdóttir er að læra ljósmyndun.



Lilja Hrönn Helgadóttir er að læra „creative direction“.

„Við vorum báðar að vinna á eilíheimilinu Grund á Íslandi og höfðum geysilegan áhuga á að prófa eitthvað nýtt. Við ákváðum því frekar snögglega að flytja til London og fara í nám. Báðar vorum við mjög hrifnar af borginni og þegar ég flutti hingað byrjuðum við með tiskubloggið okkar,“ segir Katrín Lilja Ólafsdóttir, sem heldur úti blogginu *theostranenie.com* ásamt bestu vinkonu sinni, Lilju Hrönn Helgadóttur. Bloggið er á ensku og byrjaði sem dæmigert tiskublogg en fljótlega fóru vinkonurnar að nýta sér þennan vettvang sem eins konar kynningarmöppu á netinu. „Þegar við byrjuðum í skólunum fannst okkur tilvalið að vera meira skapandi og sýna það sem við erum að gera til

að koma okkur á framfæri.“ Katrín Lilja er að læra ljósmyndun í London College of Communication og Lilja Hrönn er að læra „creative direction“ í London College of Fashion. Lilja Hrönn sótti um starfsnám hjá AnOther Magazine í gegnum skólann og þannig kynntust þær vinkonur hönnuðum og fólki í bransanum sem þær hafa verið í samstarfi við.

Katrín Lilja tekur sjálf flestar myndirnar á blogginu. „Mér finnst London svo heillandi því það eru svo margir mismunandi straumar í gangi og borgin býður upp á allt. Í augnablikinu er hvorug okkar á leiðinni heim því tækifærin eru hér úti og það er stærra vettvangur fyrir okkar vinnu,“ segir Katrín Lilja glöð í bragði.

MASTERLINE
Professional Beauty

ÉG NÆRI
BODY
BUTTER

Ég er súper mjúk og góð blanda fyrir líkamann þinn ef þú ert með þurra og mjög þurra húð. Flott blanda með góðum innihaldsefnum eins og Shea Butter og Argan olíunni sívinsælu.



www.master-line.eu

Made in Italy

Fæst í apótekum og Hagkaup



Elín Haraldsdóttir, Hanna Hlíf Bjarnadóttir, Ilmur María og Þóra Björk Schram, í galleríinu Skúmaskoti.

HÖNNUN NÍU HÖNNUÐIR SAMAN Í FALLEGU RÝMI Í MIÐBÆNUM

Listamenn og hönnuðir opna verslunina Skúmaskot í bakhúsi á Laugavegi 23.

„Heiða var að vinna úti í bæ og hitti nokkrar okkar og stakk upp á því að við myndum opna fallega búð saman því okkur vantaði allar vettvang til að selja vörurnar okkar. Þetta húsnæði var það fyrsta sem við skoðuðum og við tókum það strax. Húsið er bara heillandi,“ segir Þóra Björk Schram, einn hönnuðanna sem standa á bak við nýja verslun sem var opnuð formlega í gær.

Í bakhúsinu á Laugavegi 23 er sköpunargleðinni gefinn laus taumur. Fyrir innan gyllta hurð, inn af litlu porti, kúrir bjart og fallegt rými sem fengið hefur nafnið

Skúmaskot. Þar hafa níu hönnuðir og listamenn nú komið sér fyrir og sett upp aðstöðu til að sýna og bjóða verk sín til sölu. Í Skúmaskoti fást ljósskúlptúrar, pappírljóð, barnaföt, handlitaðir kjólar, postulín, perluverk, silkljár, málverk, bróðeri, bækur, skottur og skart.

Fyrir versluninni standa þær Elín Haraldsdóttir, Hanna Hlíf Bjarnadóttir, Heiða Eiríksdóttir, Herborg Eðvaldsdóttir, Íris Ólóf Sigurjónsdóttir, María Vals / RimmBamm, Rán Flygenring, Þóra Björk Schram og Sæunn Þorsteinsdóttir. Opnunartímar eru frá þriðjudegi til laugardags, kl.12-18.

SUMARKORT 2014

16.990 kr.
gildir til 1. sept. 2014

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

KÓPAVOGUR

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

REYKJANESBÆR

þín þróun... 



„Ég get fengið gæsaþúð og tár í augun þegar ég sé til dæmis geðveikan kjól á sviði á flottri sýningu.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ANDREA MAGNÚSDÓTTIR

ÞETTA ER HARÐUR OG HRAÐUR HEIMUR

Fatahönnuðurinn Andrea Magnúsdóttir hefur verið viðloðandi tiskubrandsann síðan hún var unglingur. Hægt og sígandi hefur ferill hennar blómstrað og í næstu viku heldur hún sína fyrstu tiskusýningu undir merkinu Andrea.

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
liljakatrin@frettabladid.is

„Ég ætlaði alltaf í tísku. Ég útskrifaðist úr Fjölbautaskólanum í Garðabæ árið 1995 og vissi í raun ekki alveg hvað ég átti að gera eftir það. Viðskiptafræði og sálfræði voru efst á blaði en fatahönnun var eitthvað sem var ekki í boði á þessum tíma og margir sögðu við mig að ég myndi aldrei lifa af því,“ segir fatahönnuðurinn Andrea Magnúsdóttir. Hún lét þessar raddir ekki trufla sig, sótti um vinnu í versluninni Kókó og áður en langt um leið var hún komin í draumastarfjóð.

„Þar var ég í essinu mínu. Ég var komin heim. Ég man þegar ég fór fyrst í innkaupaferð til Parísar. Ég trúði því ekki að einhver væri að borga mér laun fyrir að kaupa fót í París. Mér fannst það geðveikt. Þetta var draumadjobb.“

Eftir veruna í Kókó vann hún lengi hjá NTC, fyrst í versluninni Morgan og síðar í 17 en lengst af sem innkaupastjóri.

„Ég sé það alltaf betur og betur, eftir því sem ég eldist, hvað þetta var ótrúlega mikilvægur tími og hvað ég lærði mikið. Ég segi við alla sem hafa áhuga á fatahönnun og tísku að þú getur að vinna í fataverslun eða fyrirtæki tengdu tísku því maður lærir rosalega mikið af því. Ég eignaðist marga dýrmæta vini og ómetanlega reynslu. Mér þykir mjög vænt um þessi ár,“ segir Andrea.

Útskrifaðist með hæstu einkunn

Andrea stofnaði síðan verslunina Júniform ásamt vinkonu sinni, Birtu Björnsdóttur, en árið 2007

ákvað hún að láta langþráðan draum rætast og flytja til Danmerkur.

„Ég átti draum að flytja út og maðurinn minn líka. Það var draumur sem ég þurfti að klára. Ef ég hefði ekki flutt út þarna væri ég enn að pæla í því. Eftir því sem ég vann meira við tísku, hannaði meira og saumaði meira þá langaði mig alltaf að læra meira.“

Ég fór í fatahönnun í Margretheskolen í Kaupmannahöfn en hann í arkitektúr í The Royal Academy of Fine Arts.

Á meðan á náminu stóð unnum við saman að því að koma merkinu Andrea á laggirnar, hanna lógó, vefsíðu, finna framleiðendur og svo framvegis. Í desember 2008 opnuðum við síðan vefverslunina í Kaupmannahöfn og vorum tilbúin með litla línu sem við seldum þar,“ segir Andrea sem útskrifaðist með hæstu einkunn sumarið 2009. Um haustið opnaði hún síðan verslun á Strandgötu í Hafnarfirði.

Fjögurra mánaða á tiskuvíkuna

Andrea rekur fyrirtæki sitt með eiginmanni sínum, Óla. Saman eiga þau tvö börn, dreng sem er fimmtán ára og stúlku sem er átta ára. Hún segir samstarf þeirra hjóna ganga eins og smurð vél.

„Óli er grafískur hönnuður og arkitekt og hann sér alveg um reksturinn. Ég hanna fötin og er í versluninni og hann sér um allt hitt. Við vinnum saman allan daginn en erum ekkert endilega hvort ofan í öðru. Á milli okkar ríkir fullkomið traust. Við hugsum alltaf um þetta sem fjölskyldufyrirtæki og ákváðum frá upphafi að leyfa börnunum okkar að vera með. Dóttir mín fór fjögurra mánaða á fyrstu

tiskuvíkuna sína í Kaupmannahöfn og fyrir tveimur árum tók ég son minn með mér í vinnuferð til Parísar. Mér finnst hollt að þau viti hvað foreldrar þeirra gera.“

Veit hvaðan efnin koma

„Þetta er harður og hraður heimur,“ segir Andrea þegar talið berst að tiskubrandsannum. „Maður verður að hafa sig allan við til að vera með. Það er stanslaus þróun á öllum sviðum, hvort sem það er í efni eða tækni. Við erum dugleg að fara utan á sýningar og kynna okkur nýjungar,“ bætir hún við.

„Ég kaup mest af efnunum á Ítalíu og yfirleitt eru þau efni framleidd á Ítalíu. Eins kaupum við frá Asíu en þeir eru risar á þessum markaði.“

Mér finnst skipta máli að vita hvaðan efnin koma. Mér finnst að við þurfum öll að pæla í umhverfi okkar. Við þurfum öll að gera eitthvað smá. Því ef við gerum öll eitthvað smá þá kannski gerist eitthvað stórt í heildarmyndinni. Það verður engin alheimsbreyting bara hjá einum efnaframleiðanda. Við þurfum líka að vanda valið. Ekki kaup hundrað skyrurtur sem við notum ekki heldur bara eina sem við notum. Alveg sama hvort flíkurnar eru dýrar eða ódýrar. Ég þoli ekki að kaupa eitthvað sem ég nota ekki því það er bara sóun.“

Ættum að hlúa vel að greininni

Andrea hefur ferðast um allan heim, sótt tiskusýningar hjá heimsfrægum hönnuðum og er mjög ástríðufull þegar kemur að tiskubrandsannum.

„Ég elska þennan heim. Ég get fengið gæsaþúð og tár í augun þegar ég sé til dæmis geðveikan

kjól á sviði á flottri sýningu. Þetta er náttúrulega risastór iðnaður og mér finnst við stundum gleyma því hér á Íslandi. Margir líta á þetta eins og eitthvert fönður. Við erum frekar aftarlega á merinni hvað það varðar en þetta er allt að koma. Það er svo stutt síðan Listaháskóli Íslands byrjaði að útskrifa klára fatahönnuði og ég hlakka til að sjá hvað við náum að gera í þessum bransa. Linda Björg Árnadóttir, lektor fatahönnunardeildarinnar, er að gera frábæra hluti þar. Ég held að við ættum að hlúa vel að þessari grein því það eru fjölmörg tækifæri í henni. Íslendingar eiga fullt erindi í þennan heim.“

Maður kaupir ekki virðingu

Aðspurð um framtíð sína í tiskubrandsannum segist Andrea vera rétt að byrja.

„Mig dreymir stóra drauma fyrir mig. Ég veit hvernig ég vil að merkið Andrea sé og ég er bara að taka lítil skref í áttina að því. Þú getur ekki byrjað á endanum, þú byggir þetta ekki á einni nóttu. Ég byrjaði smátt og nú er ég að verða fimm ára. Mér er sagt að eitt prósent fyrirtækja í þessum bransa ná því þannig að ég er mjög stolt,“ segir Andrea sem er mjög skynsöm að eðlisfari.

„Við eigum allt sem fyrirtækið á og höfum ekki tekið nein lán. Ég safnaði fyrir fyrstu saumavélinni og þegar ég var búin að því safnaði ég fyrir þeirri næstu og svo koll af kalli. Ég get alltaf gert meira á hverju ári og mjakast hægt og rólega nær markmiði mínu um hvernig ég sé merkið. Ég veit hvernig ég vil hafa mitt merki burtséð frá því hvað það er selt í

mörgum verslunum í heiminum. Auðvitað hef ég áhuga á að selja erlendis. Ég hef fengið fyrirspurnir að utan en ég þarf að vera tilbúin og eiga fjármagn til að skila af mér vörunum.“

Þetta er langhlaup, ekki sprett-hlaup. Ég held að þetta sé ævistarfið mitt og ég er bara fimm ára. Kannski eftir fimmtíu ár verður fyrirtækið mitt á toppnum og ég töff, gömul gella í síðum kjól og læt aðra um að hanna fötin. Sjáid bara Diane von Furstenberg. Hún er æði. Hún var aðalþæjan í Studio 54 í den og núna er hún 68 ára og er enn aðalþæjan. Þetta er ævistarfið hennar og það var margra ára vinna fyrir hana að öðlast virðingu fólks. Maður getur ekki keypt sér virðingu.“

Þrífst á að hugsa um óskalistann

Andrea leyfir sér aldrei að hætta að dreyma.

„Það er svo gott að láta sig dreyma. Mér finnst gaman að gera óskalista og ég þrífst á því að hugsa um hann. Mig langar samt aldrei að klára allt á listanum. Hvað ætti ég að gera þá? Ég veit hvert ég ætla og síðan get ég alltaf bætt aftan á listann.“

Hún segist samt oft fá bakþanka þegar kemur að rekstrinum.

„Ég hugsa alltaf um að hætta einu sinni í mánuði. Það kallast fyrirtíðaspenna,“ segir Andrea á léttu nótnum. „Suma daga hugsa ég með mér hvort ég geti þetta og aðra daga er ég full af eldmóð og finnst ég geta allt. Þetta er erfitt. Ég þarf að passa vel upp á mig til að ég geti þetta. Ég vinn mikið og ég er mikið með fjölskyldunni. Sumt læt ég sitja á hakanum því maður verður að

Mér finnst íslenskar konur upp til hópa rosalega flottar, duglegar og sjálfstæðar. Flott kona getur verið alls konar. Ég held að sjálfstraustið sé alltaf stærsti parturinn, alveg sama hvernig konur eru í laginu.

velja og hafna. Ég læt mig fara að sofa þótt ég gæti vel vakað til þrjú, ég reyni að fara í sund á morgnana, ég fer eiginlega aldrei út á lífið. Til að allt gangi upp þarf ég fyrst og síðast að vera í lagi.“

Íslenskar konur flottar og sjálfstæðar

Andrea hefur ekki farið varhluta af því að fólk hefur tekið sig til og apað eftir hönnun hennar. Hún lætur það ekki á sig fá.

„Það er bara þannig og það verður örugglega alltaf þannig. Ég ákvað að láta það ekki trufla mig og ég þæli ekki einu sinni í því. Ég reyni bara að gera mitt besta – hinu get ég ekki stjórnað.“

Henni finnst íslenskar konur óhræddar við að prufa sig áfram þegar kemur að tísku.

„Mér finnst íslenskar konur upp til hópa rosalega flottar, duglegar og sjálfstæðar. Flott kona getur verið alls konar. Ég held að sjálfstraustið sé alltaf stærsti parturinn, alveg sama hvernig konur eru í laginu. Besta vinkona mín, Sara Reginsdóttir, er til dæmis ein flottasta kona landsins að mínu mati. Hún er jafn falleg að innan sem utan. Hún er með útgeislun, alveg sama í hvaða fötum hún er. Hún er gott dæmi um konu sem er flott. Ég gæti talið lengi hvað ég þekki margar flottar konur sem eru ólíkar en flottar á sinn hátt.“


„Ég ætla að gera þetta núna“

Andrea stendur á vissum tímamótum núna því í næstu viku heldur hún sína fyrstu tískusýningu undir sínu eigin merki. Síðustu dagar og vikur hafa einkennst af gríðarlega mikilli vinnu og þótt hún hafi verið fjöldamörg ár í bransanum finnur hún alltaf fyrir stressi.

„Ég þarf að vanda mig að vera ekki stressuð því ég get alveg fengið kvíða og orðið mjög stressuð. Ég er ekki óörugg en ég geri miklar kröfur. Fyrst og síðast verð ég að vera ánægð með sýninguna. Þannig er ég bara gerð. Mér finnst eins og ég sé búin að skipuleggja heilt brúðkaup eða eitthvað enn þá stærra. Það koma svo margir að einni svona sýningu – förðunarfolk, hárgreiðslufólk, stílistar, hljóðmenn, fyrirsætur. Listinn er endalaus. Svo er sýningin bara tólf mínútur. Allt í einu er þetta allt búið,“ segir Andrea. Vanalega sækir hún innblástur úr öllu í sínu daglega umhverfi en nýja línán sem hún sýnir á tískusýningunni er mestmegnis innblásin af einu lagi.

„Ég var komin með þema og byrjuð á rannsóknarvinnu þegar ég var að keyra á saumastofuna einn daginn og heyrði lagið I'm Coming Out með Diönu Ross í útvarpinu. Ég skipti um þema á stundinni. Þetta lag náði einhvern veginn bara svo til mín. Þannig að öll línán er pínulítið „seventies“. Textinn í laginu höfðaði líka svo mikið til mín. Hún segir: I'm coming out, I want to let it show. Mér finnst ég vera að koma út úr skápnum með þessa sýningu. Ég skildi textann þannig en kannski meinti hún hann öðruvísi. Ég er allavega tilbúin. Ég ætla að gera þetta núna.“

Myndaalbúmið



„Ég og Óli í vinnunni.“ • „Magnús, ég og Ísabella. Myndin var tekin bara núna síðustu helgi.“ • „Fjölskyldan“. Stelpurnar í vinnunni en myndin var tekin á saumastofunni.“

Pågen

Kanilsnúðar

Það er leikur einn að opna nýju kanilsnúða pokana frá Pågens og enn einfaldara að loka þeim, þannig haldast snúðarnir mjúkir og góðir.



Nú opnum við og lokum að framanverðu.

Pågen
KANILSNÚÐAR

Pågen smásnúðar með dásamlegri kanilfyllingu. Frábærir með kaffinu, í nestisboxið, -eða bara til að nasla á þegar löngunin hellist yfir.

...en munið bara að loka á eftir ykkur

GOSH®

C O S M E T I C S



BB POWDER

your face
– your choice

NÝTT

GOSH

BB
POWDER
POUDRE

04

NATURAL · MATTIFYING · MOISTURISING

NATUREL · MATIFIANTE · HYDRATANT

ALL-IN-ONE
TOUT-EN-UN

4 litir

Mött áferð
Náttúrulegt
RAKAGEFANDI
Silki og kremkennd áferð


f /gosh cosmetics



Að finna staðsetninguna, fatnað, förðun eða fyrirsætur. Stílistar vinna mjög náið með ljósmyndaranum og þetta er stór vettvangur.



Tískupátturinn var lokaverkefni Sigrúnar Ástu í Reykjavík Fashion Academy.



STÍLISTINN ÚTFÆRIR HUGMYNDIRNAR FRÁ A-Ö

Sigrún Ásta Jörgensen er ungur og upprenandi stílisti og förðunarfræðingur sem stefnir hátt.

Stílisti sér um heildarútlitið í myndatökum, auglýsingum, verslunum og jafnvel í kvikmyndaverkefnum. Við sjáum um hugmyndavinnuna og útfærsluna frá A-Ö, hvort sem það er að finna staðsetninguna, fatnað, förðun eða fyrirsætur. Stílistar vinna mjög náið með ljósmyndaranum og þetta er stór vettvangur," segir hin 24 ára Sigrún Ásta Jörgensen aðspurð um stílistanámið sem hún var að ljúka hjá Reykjavík Fashion Academy. Námið var fjölbreytt undir leiðsögn Önnu Clausen, stílista og tískuljósmyndara, en Sigrún Ásta útskrifaðist sem stílisti og förðunarfræðingur. Hún tók þátt í vinnunni á bak við tjöldin á Reykjavík Fashion Festival fyrir skömmu og stefnir á frekara nám í grafískri hönnun í Listaháskólanum eða London College of Fashion. Lokaverkefnið snerist um tvískiptan persónuleika.



Sigrún Ásta Jörgensen.

MYND/ SIGURGEIR SIGURSSON

Stílisti
Sigrún Ásta Jörgensen
Ljósmyndari
Birta Rán Björgvinsdóttir
Fyrirsætur Sigríður Ösp og Ívar Orri, Elite Models og Elite Casting

Förðunarfræðingur
Sandra Stankunaité
Fatnaður Jör by Guðmundur Jörundsson, MAIA, EVA, Selected og Manía

KOLKA

Lífstíls og decor vefverslun
www.facebook.is/kolkaiceland



Opið til kl 18.00
LAUGARDAG

ALLAR VÖRUR MED

30%
AFSLÆTTI


www.fjordur.is

Mind Xtra

Smart verslun fyrir konur

Firði Hafnarfirði • Sími 556 3400

FATASKÁPURINN SÓLEY KRISTJÁNSDÓTTIR

„Ég er mjög hrifin af Aftur, sérstaklega af því að þær endurvinnna fót og falleg efni. Ég geng líka mikið í fótum sem móðir mín og ömmur áttu en þau fá alveg nýtt líf og ég nota þau stundum allt öðruvísi en þær gerðu,“ segir Sóley, sem er alltaf stórglæsileg til fara. Hún starfaði lengi vel sem fyrirsæta og var plötusnúður á skemmtistöðum borgarinnar. Í dag er Sóley vörumerkjastjóri sterka áfengisins og Red Bull hjá Ölgerðinni og er að byrja aftur sem plötusnúður í sumar eftir nokkurra ára hlé. Lífið kíkta í fataskápin hjá þessari flottu konu.



1

Samfestingurinn Hann er eftir Raquel Allegra sem ég keypti í Aftur. Gólsitt á mér sem er mjög sjaldgæft. Hann verður mikið notaður í sumar en hann er mjög mjúkur og fallegt efnið sem er steinvegið í höndunum.



2

Skartið Ég elska skart, það er svo frábær aukahlutur og getur verið svo mikil upplýfting. Ég er alltaf með Kríuskart eftir Jóhönnu Metúsalemsdóttur og Akkerin eftir Orra Finn. Mig langar í Scarab úr nýju línunni eftir Orra Finn en skordýr og bjöllur hafa alltaf verið í miklu upphaldi hjá mér og þess vegna nauðsynleg í safnið.



3

Buxurnar Aftur leðurbuxur – ein bestu kaup sem ég hef gert. Ég elska þessar buxur, þær passa við allt.



4

Kjöllinn Kjöll frá ELLU sem er sjúklega fallegur og situr einstaklega vel. Ég set svarta slaufu um mittið og ég breytist í þvílíka dömu þegar ég fer í hann. Hann er sparikjöll.

5

Pilsíð Æðislegt ullarpils frá ELLU. Það er alveg þröngt og nær hátt upp í mitti og niður fyrir hné. Ég er algjörlega að fara að sigra heiminn þegar ég fer í þetta pils, enda nota ég það mjög mikið.



Ómissandi fyrir heilbrigð leggöng

Einföld lausn við kláða og ertingu



Tídatappar sem koma jafnvægi á gerlaflóruna í leggöngunum og stuðla að eðlilegu pH-gildi.

100 milljónir mjólkursýrugerla í einum tappa.


Mjólkursýrugerlar

Viðhalda eðlilegu PH-gildi

+

Tídatappar

Þægilegir og halda vel



Ellen tídatapparnir fást í apótekum



Nánari upplýsingar á facebook
facebook.com/EllenTidatapparMedMjokursyrugerlum

ellen®

MATUR GIRNILEG LKL-LÁRPERULOKA

María Krista Hreiðarsdóttir gefur út nýjan LKL-uppskriftapakka fyrir sumarið á kristadesign.is.



Matgæðingurinn María Krista Hreiðarsdóttir aðhyllist LKL-mataræðið en hún gaf út sína fyrstu bók, Brauð og eftirréttir Kristu, fyrir síðustu jól. Bókin innihélt lágkolvetna og sykur- og glútenlausar uppskriftir. Um þessar mundir er hún að gefa út sinn þriðja uppskriftapakka með 20 plöstuðum uppskriftaspjöldum með skemmtilegum hugmyndum að LKL-fæði fyrir sumarið. Pakkinn fæst á www.kristadesign.is.

Hráefni

1 msk. sólkjarnafræ
1 msk. sesamfræ
1 tsk. HUSK
1 tsk. Golden Flax seed meal
1 tsk. sesammjöl
1/3 tsk. lyftiduft
1/3 tsk. laukduft
Salt/pipar

1 egg, (ef eggjið er lítið þá má þynna örlítið með eggjahvítu eða möndlu-mjólk)


Hrærið vel saman deiginu, hellið því svo í heitt brauðgrill og bakið í nokkrar mínútur.

Smyrjið svo brauðið með 1 tsk. af grænu pestói, bætið við mozzarella-osti eða brauðosti, tveimur tómat-sneiðum og hálfri lárperu.

Gott er að skera mozzarella-ost og lárperu niður með eggjaskera til að flýta fyrir.

Raðið þessu á annan helming brauðsins, piprið með svörtum pipar og setjið hinn helminginn yfir.

Grillið brauðið í 2-3 mín. í viðbót þar til osturinn er vel bráðnaður. Fljótleg samloka með hollu álegg, án hveitis, glúten og sykurs.



Eina sérvslun landsins
með grill og garðhúsgögn

Grillbúðin



www.grillbudin.is

VELDU
GRILL
SEM ENDIST
OG ÞÚ
SPARAR



Þekktustu
merkin á
einum stað



LANDMANN



Komdu og fáðu ráðleggingar

Grillbúðin

Smiðjuvegi 2, Kópavogi | S. 554 0400 | Við hliðina á BÓNUS | grillbudin.is

facebook



Grace's Sweet Life

<https://www.facebook.com/GracesSweetLife>

Þessi Facebook-síða er matarljósmyndasíða sem matarbókahöfundurinn og bloggariinn Grace Massa Langlois heldur úti. Grace deilir matar- og kökuuppskriftum og sögum um ítalska arfleifð sína og gleðina að alast upp í stórrí fjölskyldu.

Instagram



World_of_Jumina

http://instagram.com/world_of_jumina

JUMINA er norskt barnafatamerki sem er með höfuðstöðvar í Noregi og er innblásið af skandinavískum sögum og ævintýrum. Myndir af fallegum börnum í litríkum fötum úr lífrænum efnum er að finna á Instagram en það er hönnuðurinn Elisabeth G. Rognmo sem stofnaði merkið. Jumina er með netverslunina <http://www.jumina-shop.com/>.

Pinterest



Foodie

<http://www.pinterest.com/OrnellaFalchi/foodie/>

Ef hægt er að verða ástfanginn af mat þá er þetta síðan sem dregur þig í þann hugarheim. Litlir skrautlegir sushi-bitar af ýmsum gerðum, fylltar kartöflur og upprúllaður kúrbitur. Þarna er að finna óteljandi hugmyndir að pinnamat og uppskriftir fyrir hið fullkomna matarboð eða stórveislu.

BLOGGARINN WE WONDER

<http://wewonder.dk/>

Danski bloggariinn Mie Kirstine er 26 ára gömul og býr á Friðriksbergi í Kaupmannahöfn. Hún heldur úti skemmtilegu tískubloggi sem vert er að fylgjast með. Mie starfar í versluninni COS og kemst í tæri við helstu skandinavísku tískustraumana á hverjum degi. Hennar helstu áhugamál eru skór, fatnaður, ferðalög og góður matur en hún póstar reglulega góðum uppskriftum og stöðum sem vert er að heimsækja. Myndirnar tala sínu máli og Mie er án efa með fingurinn á púlsinum öllum stundum.



ÚTRÝMINGARSALA

Allt á að seljast vegna flutninga

Opið til kl 18.00
LAUGARDAG

**NÝJAR VÖRUR BEINT
Á ÚTRÝMINGARSÖLUNA**

50%

afsláttur af öllum vörum

Herra hafnarfjörður

S. 572 3400

FJÖRÐUR

www.fjordur.is